

Fjórði fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn mánudaginn 9. desember, 2013, klukkan 19:30 á heimili Sigrúnar Aðalbjarnardóttur að Hvassaleiti 89.

Jónína Leósdóttir, rithöfundur fjallaði um bók sína, *Við Jóhanna*. Kristín Jónsdóttir, kennslukona, var með Orð til umhugsunar og við sungum í okkur jólasöng. Sigríður Ragnarsdóttir, Jótadeild, sem situr í stjórn Landsambandsins, var gestur hjá okkur. Veitingar voru í boði allra Gammasystra eins og venjan er á jólafundum.

Fundarsetning: Eftir að Sigrún hafði boðið konur velkomnar á heimili sitt setti Árný Elíasdóttir fund, bauð Sigríði Ragnarsdóttur sérstaklega velkomna og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsmi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 29 konur fundinn.

Fundinn sátueftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh Dao Train, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarisdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarisdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnar yngri, Stefánía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórunn Björnsdóttir.

Kristín Jónsdóttir kennslukona flutti orð til umhugsunar. Hún fjallaði um bókina *Stígum fram; Konur, vinnan og viljinn til að stjórna* eftir Sheryl Sandberg, aðalframkvæmdastjóra Facebook áður Google og þar áður var hún starfsmannastjóri fjármálaráðuneytis Bandaríkjanna, Bókin var lengi á metsölulista New York Times og nú er hún komin út á íslensku í þýðingu Guðrúnar Bergmann.

Kristín tengdi umfjöllun um bókina við umræðurnar í þjóðfélaginu um niðurstöður Pisa rannsóknannasem benda til þess að frammistöðu íslenskra nemenda hafi hrakað frá árinu 2009 í stærðfræðilæsi í lesskilningi og náttúrufræði. Einnig tengdi hún umræðuna stöðu íslenskra kennara og virðingu fyrir kennarastarfinu. Þó nokkrar umræður sköpuðust eftir einkar áhugavert erindi Kristínar. Í framhaldi af umræðunum bauðst Sigrún Aðalbjarnardóttir til að senda okkur grein umsýn kennara á sjálfsvirðingu í kennarastarfinu og virðingu annarra fyrir starfi þeirra. Greinin segir frá rannsókn hennar og Sigrúnar Erlu Ólafsdóttur sem beindist að sjálfsvirðingu kennara og reynslu þeirra af virðingu annarra fyrir kennarastarfinu. Einnig var í rannsókninni leitað eftir því hvernig þeir telja vænlegt að efla sjálfsvirðingu kennara og virðingu í samfélaginu fyrir kennarastarfinu.

Jóhanna Leósdóttir rithöfundur kom í heimsókn og las upp úr nýútkominni bók sinni *Við Jóhanna*. Jónína sagði að þær Jóhanna hafi alla tíð lagt kapp á að halda einkalífi sínu út af fyrir sig – en nú hafi þeim fundist tími til kominn að opinbera þessa óvenjulegu og áhrifamiklu ástarsögu. Hún segir bókina bæði vera ástarsögu og sögu um hvernig íslenskt þjóðfélag hefur breyst. Bókin spannar um 30 ára tímabil eða frá því að vera hugarfóstur í höfði Jónínu í það að vera í opinberri heimsókn í Kína. Þær Jóhanna voru báðar giftar þegar þær hittust fyrst árið 1983. Þá var afar ólíklegt að þær yrðu nokkurn tíma par. Örlagarík fundaði vorið 1985 markaði upphafið á stormasömu sambandi sem lengi fór leynt, enda ríktu töluverðir fordómar gagnvart samkynhneigðum í þjóðfélaginu á þessum árum.

En ástin sigraði að lokum eftir miklar hindranir. Eftir langa og stranga vegferð hófu Jóhanna og Jónína sambúð árið 2000 og tíu árum síðar breyttu þær staðfestri sambúð í hjónaband. Þá var Jóhanna orðin forsætisráðherra og þær Jónína þar með fyrstu samkynhneigðu forsætisráðherrahjón heims – sem vakti athygli um víða veröld.

Bókin verður væntanlega þýtt í heild sinni en nú þegar hefur verið þýtt úr bókinni og útbúinn bæklingur sem kynntur var í Frankfurt nýverið. Fram kom í umræðum Gammasystra eftir lestur Jónínu að þeim þótti bókinn merkileg og mikilvæg og hugsanlega merkilegri fyrir heiminn en Íslendinga.

FundarlokÁrný færði Jónínu og húsráðanda rós sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag til fundarins. Jónínu þakkaði hún skemmtunina og Sigrúnu fyrir einstaklega hlýlegar móttökur. Að lokum var afmælisbörnum ársins færð rós með kortum sem innihéldu falleg orð til afmælskvennanna Bjargar, Kristínar, Sigrúnar og Gerðar.

Eftir að allir voru mettir og búið að ræða málin góða stund settist Þórunn Björnsdóttir Gammasystir við orgelið og spilaði undir söng okkar. Vel var tekið undir og mörg lög sungin – Sungum svo sannarlega í okkur jólaskapið þetta kvöld og héldum heim eftir ánægjulega kvöldstund með áhugaverðri dagskrá, ljúfum veitingum og yndislegum söng í góðum vinahópi.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.